



Bragi Guðbrandsson  
Ægisíðu 56  
107 Reykjavík

## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 21. september 2018  
Tilv.: VEL18050180/06.51.20

### Efni: Beiðni um endurupptöku

Vísað er til bréfs velferðarráðuneytisins, dags. 29. júní 2018, þar sem tilkynnt var að niðurstaða ráðuneytisins frá 27. febrúar sl. um athugun á afskiptum forstjóra Barnaverndarstofu af svokölluðu Hafnarfjarðarmáli, hafi verið felld úr gildi og fallist á beiðni þína frá 23. maí 2018 um endurupptöku málsins.

#### I.

Upphaf málsins má rekja til þess að ráðuneytið ákvað að kanna frekar þær ávirðingar sem voru bornar á forstjóra Barnaverndarstofu af hálfu barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar um að hann hefði gefið bein fyrirmæli í einstaka barnaverndarmálum. Í framhaldinu fór af stað atburðarás sem leiddi til niðurstöðu ráðuneytisins í tengslum við aðkomu forstjórans og Barnaverndarstofu að tilteknu máli sem var til meðferðar fyrir barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar. Var niðurstaðan tilkynnt Barnaverndarstofu með bréfi, dags. 27. febrúar 2018, þar sem m.a. kom fram að það væri „álit ráðuneytisins að forstjóri Barnaverndarstofu hafi með afskiptum sínum af málinu ekki brotið af sér í starfi en hins vegar hefði átt að beina málinu í annan farveg. Það [var] því álit ráðuneytisins að með því að gera það ekki hafi forstjórinn farið út fyrir verksvið sitt.“ Var það „mat ráðuneytisins að forstjóri Barnaverndarstofu hefði þá þegar átt að beina málinu í þann farveg [...] þ.e. til embættis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, er ljóst varð að um ágreining um umgengni var að ræða. Þá [gerði] ráðuneytið jafnframt athugasemdir við að forstjórinn [greindi] föðurafa frá símtali við starfsmann barnaverndarnefndar og því sem þar kom fram um samskipti barnaverndarnefndarinnar við móður barnanna.“ Í niðurlagi bréfsins segir svo:

„Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að forstjóri Barnaverndarstofu hafi með afskiptum sínum af málinu ekki brotið af sér í starfi, en hins vegar hefði átt að beina málinu í annan farveg. Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til Barnaverndarstofu og forstjóra hennar að hafa athugasemdir ráðuneytisins er varða formlegan farveg mála í huga framvegis við úrlausn sambærilegra mála.

Forstjóra Barnaverndarstofu er hér með gefinn kostur á því að koma frekari athugasemdum eða gögnum á framfæri við ráðuneytið óski hann þess og mun ráðuneytið þá skoða málið á ný.“

Í framhaldinu bárust athugasemdir forstjórans þar sem m.a. var bent á að rannsóknar- og andmælaeigla stjórnsýsluréttar hafi verið sniðgengnar í málinu auk þess sem hann gæti ekki fallist á þá niðurstöðu að setja hefði átt málið í annan farveg þar sem bæði væri um að ræða umgengnisdeilu og barnaverndarmál. Viðbrögð ráðuneytisins voru á þá leið að fyrirbyggjandi gögn hefðu verið nægjanleg til töku ákvörðunar og ef forstjórinn óskaði endurskoðunar á niðurstöðunni í umgengnismálinu myndi ráðuneytið taka málið til skoðunar að nýju á grundvelli 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í framhaldinu barst fyrirnefnd endurupptökubeiðni með tölvubréfi, dags. 23. maí 2018.

## II.

Að frumkvæði forsætisráðherra og félags- og jafnréttismálaráðherra var ákveðið að gerð yrði óháð „úttekt á málsmeðferð og efnislegri athugun ráðuneytisins í kjölfar kvartana barnaverndarnefnda í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi vegna Barnaverndarstofu og forstjóra hennar“. Úttektin er, dags. 6. júní 2018, en í henni var m.a. sérstaklega tekið til skoðunar athugun ráðuneytisins á ábendingu formanns barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar sem leiddi af sér niðurstöðu ráðuneytisins 27. febrúar 2018. Var það niðurstaða úttektarinnar varðandi þennan þátt að það væri hæpið „að ráðuneytið hafi verið í aðstöðu til að fullyrða, í ljósi þeirra takmörkuðu gagna sem það aflaði við meðferð málsins, að forstjóri Barnaverndarstofu hafi farið „út fyrir verksvið sitt“ með því að beina málinu ekki til embættis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt voru gerðar athugasemdir við það „að ráðuneytið hafi komist að niðurstöðu í máli um afskipti forstjóra af tilteknu barnaverndarmáli, án þess að forstjóranum væri gefinn kostur á að kynna sér gögnin sem niðurstaðan var byggð á og veitt tækifæri til þess að tjá sig um þau.“ Tekið er fram að í „ljósi eðlis þeirrar niðurstöðu ráðuneytisins að forstjórinn hafi farið út fyrir verksvið sitt og aðfinnslum ráðuneytisins við að forstjórinn hafi greint föðurafa barna frá samskiptum barnaverndarnefndar barnanna, og þar með óbeint að hann hafi ekki hagað athöfnum sínum í samræmi við lög, samræmdist málsmeðferð ráðuneytisins að þessu leyti ekki grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins um andmælarétt, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga“.

Þá var tekið fram að „ekki verði séð að forstjóri Barnaverndarstofu hafi veitt föðurafa barna upplýsingar í andstöðu við þagnarskylduákvæði 8. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga eða 18. gr. laga nr. 70/1996. Af gögnum málsins verði ekki annað ráðið en að upplýsingagjöf forstjórans til föðurafans hafi hvað móðurina varðar einungis lotið að þeim almennu leiðbeiningum sem starfsmaður barnaverndarnefndar veitti um hver væri hinn eðlilegi farvegur samkvæmt lögum í deilum um umgengni. Ekki verði talið að þessi upplýsingagjöf hafi verið óeðlileg í ljósi umkvartana föðurafans um að barnaverndaryfirvöld í Hafnarfirði hafi átt þátt í því að umgengni færi ekki fram.“

## III.

Í beiðni þinni, dags. 23. maí 2018, er byggt á því að ráðuneytið hafi ekki aflað upplýsinga eða gagna frá Barnaverndarstofu eða forstjóra hennar varðandi ráðgjöf eða leiðbeiningar forstjóra við föðurafa barnanna eða samskipti hans við starfsmenn barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar. Þá hafi niðurstaða ráðuneytisins verið m.a. byggð á gögnum sem þú hafir ekki haft tækifæri til að kynna þér fyrr en eftir að þér hafði verið kynnt niðurstaða málsins. Þá er það ítrekað að erindi föðurafans í málinu hafi verið að koma á framfæri kvörtun vegna meintra ólögðmætra afskipta starfsmanna barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar af umgengnismáli sem hafi á þeim tíma verið til meðferðar hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Telur þú að ráðuneytið hafi misskilið erindi föðurafa barnanna enda aldrei kallað eftir upplýsingum eða gögnum

varðandi það, en m.a. af þeim sökum sé niðurstaða ráðuneytisins röng.

#### IV.

Fyrir liggur að niðurstöðu ráðuneytisins 27. febrúar 2018 var beint að þér sem forstjóra Barnaverndarstofu. Í niðurstöðunni voru gerðar athugasemdir við starfshætti þína sem forstjóra og tekin afstaða til þess að þeir hafi ekki verið í samræmi við lög. Í ljósi eðlis þessarar niðurstöðu ráðuneytisins fellst ráðuneytið á að því hafi borið við málsmeðferðina að fara að grundvallarreglum stjórnisýsluréttarins, sbr. einkum 10. og 13. gr. stjórnisýslulaga.

Með vísan til þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða ráðuneytisins að misbrestur hafi verið á málsmeðferð ráðuneytisins sem leiddi til niðurstöðu þess 27. febrúar 2018, einkum að ekki hafi verið farið að grundvallarreglum stjórnisýsluréttarins um rannsókn mála og andmælarétt, sbr. 10. og 13. gr. stjórnisýslulaga. Þá verður að mati ráðuneytisins eftir athugun á gögnum málsins og eðlis þeirra leiðbeininga sem þú sem forstjóri Barnaverndarstofu veittir og voru tilefni til aðfinnslu ráðuneytisins, ekki séð, að þú sem forstjóri stofnunarinnar hafir farið „út fyrir verksvið [þ]itt“ eins og það er orðað í framangreindu bréfi. Ekki verður heldur séð, með vísan til gagna málsins, að upplýsingagjöf þín sem forstjóra stofnunarinnar til föðurafans í málinu, einkum í ljósi efnis umkvartana hans, hafi gefið ráðuneytinu tilefni til athugasemda.

Ráðuneytið áréttar niðurstöðu þess frá 29. júní 2018 um að ákvörðunin sé felld úr gildi.

Fyrir hönd félags- og jafnréttismálaráðherra



Anna Lilja Gunnarsdóttir  
ráðuneytisstjóri



Vilborg Hauksdóttir  
skrifstofustjóri

